

Útdráttur

Verkefnið fjallar á fræðilegan hátt um umhverfismat áætlana og sett er fram matsáætlun umhverfismats áætlana fyrir Fjarðabyggð.

Verkefnið var unnið í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Alta ehf. en það hefur yfirumsjón með vinnu við aðalskipulag Fjarðabyggðar.

Umhverfismat áætlana er aðferð við að meta umhverfisáhrif skipulagsáætlana á Íslandi og grundvallar hugmynd þess er að átta sig á orsakasambandi milli þeirra og umhverfisáhrifa sem kunna að hljóta af þeirra völdum. Matslýsing er verkáætlun fyrir umhverfisskýrslu og er einn mikilvægasti hluti af matsferlinu. Við gerð matslýsingar eru umhverfisþættir skilgreindir en umhverfisþáttur vísar til þátta í náttúrulegu– eða félagslegu umhverfi sem hugsanlega geta orðið fyrir áhrifum af stefnumörkun aðalskipulags og/eða framkvæmdum byggðum á þessari stefnumörkun. Til grundvallar eru lögð umhverfisviðmið en slík viðmið byggja á fyrirliggjandi stefnu um þá umhverfisþætti sem er að finna í lögum og reglugerðum, alþjóðasamningum og hinum ýmsu stefnuskjölum stjórnvalda. Þegar umhverfisþættir hafa verið skilgreindir ber að greina og lýsa þeim þáttum sem megin áhersla verður lögð á í umhverfismati með s.k umhverfisvísunum en þeir eru mælitæki sem hjálpa til við að meta framgang markmiða stefnumótunar og verkefna.

Austurbyggð og Fjarðabyggð „eldri“ sameinuðust í Fjarðabyggð árið 2006 og við sameiningu varð það fjölmennasta sveitarfélagið á austurlandi með 5700 íbúa. Við sameiningu hins nýja sveitarfélags lá fyrir að vinna þyrfti að gerð nýs aðalskipulags. Áætlað er að vinnu við gerð þess ljúki 2008.

Lykilorð: Umhverfismat áætlana, Mat á umhverfisáhrifum, Matslýsing, Umhverfisþættir, Umhverfisviðmið, Umhverfisvísar, Fjarðabyggð, aðalskipulag.